

SÚÐAVÍKURHREPPUR

7. FUNDUR FRÆÐSLU- TÓMSTUNDAR – MENNINGAR- OG KYNNINGARNEFNDAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2022-2026

HALDINN Í ÁLFTAVERI - GRUNDARSTRÆTI,
FIMMTUDAGINN 8. JÚNÍ 2023, KL. 16:30

Fimmtudaginn 8. júní 2023 kl. 16:30 var haldinn fundur í fræðslu-, tómstundar-, menningar- og kynningarnefnd Súðavíkurhrepps 2022-2026. Boðaðir voru bæði aðal- og varamenn nefndarinnar auk skólustjóra.

Mætt til fundar: Aníta Björk Pálínudóttir, Stella Guðmundsdóttir, Selma Guðmundsdóttir, Oddný Elínborg Bergsdóttir, Thorsteinn Haukur Thorsteinsson og Bragi Þór Thoroddsen

Ekki er gerð athugasemd við boðun fundar.
Fundargerð ritaði Aníta Björk Pálínudóttir.

Gengið er til afgreiðslu dagskrár.

Dagskrá:

- Skóla- og leikskólamál – almennt
- Beiðni um félagsheimilið
- Erindi vegna Samkomuhússins í Ögri
- Erindi vegna gömlu sundlaugarinnar
- Önnur mál

Afgreiðsla erinda:

1. Skóla- og leikskólamál - almennt

Nefndin leggur til að erindið verði lagt undir sveitarstjórn. Sveitarstjóra er falið að útbúa reglur til samþykktar (sjá reglur Hveragerðisbæjar).

- Leikskólamál
Sveitarstjóra falið að útbúa drög að reglum
- Skólamál
Sveitarstjóra falið að útbúa drög að reglum

2. Beiðni um félagsheimilið

Nefndin tekur jákvætt í erindið og leggur til við sveitarstjórn að ákveða styrk í verkefnið.

3. Erindi vegna samkomuhússins í Ögri

Nefndin hefur ekki forsendur til þess að ákvarða með styrk í framkvæmdir við endurnýjun gólfsins í samkomuhúsinu í Ögri. Ekki liggja fyrir gögn um eignarhald á húsinu, en félög sem stóðu að byggingu þess og reksturs eru ekki í starfsemi í dag. Nefndin leggur fyrir sveitarstjórn að taka afstöðu til erindisins.

4. Erindi vegna gömlu sundlaugarinnar

Nefndin fagnar framkominni hugmynd um að lagfæra sundlauginu, en setur fyrirvara um afstöðu skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar og sveitarstjórnar. Nefndin leggur til að erindi verði sent til skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar til frekari skoðunar.

5. Önnur mál

Viðhald á fornminjum í Vatnsfirði

Nefndin leggur til við Súðavíkurbreytt að kannað verði með hver fer með forræði yfir fornminjum í Vatnsfirði. Gengið verði frá samkomulagi um viðhald svæðisins og skoðað hvað unnt sé að bæta þar til þess að þjóna sem ferðamannastaður.

Leikhópurinn Lotta

Nefndin óskar eftir samstarfi við Ungmennafélagið Geisla um að sýning verði fengin til Súðavíkur.

Starfsmenn í skólanum

Nefndin leggur til að reyndar verði fleiri leiðir til þess að fá kennara og annað faglært starfsfólk í Súðavíkurskóla. Það gæti falist í því að boðið verði hagkvæmt húsnæði sem gæti virkað sem aðráttarafl fyrir nýja kennara eða leikskólakennara.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 18:50

Stella Guðmundsdóttir
Th.H. Þorsteinsson
Sanna Guðmundsdóttir
Þrági Þóri Þorsteinsson
Raddmyr G. Bergsdóttir
Aurita Björk Pálsson